

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Ennfremur er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er leyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, samkvæmt lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim.

#### 2. gr.

Tímagjald	kr. 7.600
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 8.100

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur í fylgiskjali í viðauka með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, samkvæmt eftirlitsáætlun.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið samþykktari áætlun.

Eftirlitsaðila er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í viðauka ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Sé atvinnurekstur starfræktur í a.m.k. fjögur ár í röð og hafi heilbrigðisfulltrúi ekki gert athugasemdir í eftirliti er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar eftirlitsgjald þá sem því nemur.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

#### 3. gr.

Sveitarfélögunum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:	
Starfsleyfisgjald	1,5 tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Til viðbótar ofangreindu er heilbrigðisnefnd heimilt að innheimta tímagjald skv. reikningi vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 785/1999.

Tóbakssöluleyfi og önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:	
Leyfisgjald	1,5 tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,	
ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Fyrir undanþágu til sölu tóbaks skv. 7. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir	1,0 tímagjald
--	---------------

## 4. gr.

Fyrir eftirlit skv. 17. og 18. gr. tóbaksvarnalaga sem ekki fer fram samhliða reglulegu eftirliti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld sem hér segir:

Fyrir hverja eftirlitsferð 2,0 tímagjöld

## 5. gr.

Gjald skv. 3. gr. og 4. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

## 6. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkt settum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir greiðist tímagjald samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

## 7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

## 8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

## 9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum og samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999 og samþykkt af bæjarráði Mosfellsbæjar 18. mars 2009, bæjarstjórn Seltjarnarness 11. mars 2009 og hreppsnefnd Kjósarhrepps 5. mars 2009. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 44/2006 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

*Mosfellsbæ, 4. júní 2009.*

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

**Þorsteinn Narfason** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

## VIÐAUKI

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,25	6.000
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	17.000
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	0,5	22.000
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	87.000
52.31.0.0	Apótek	0,5	26.000
85.11.5.0	Áfengismeðferð	0,5	14.000
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	18.000
90.00.0.9	Áhaldhús sveitarfélags	0,5	16.000
93.02.0.3	Baðhús	1	33.000
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	36.000
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	56.000
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	96.000
50.50.0.1	Bensínstöðvar án matvæla	2	57.000
50.50.0.2	Bensínstöðvar með matvöru	2	87.000
50.50.0.3	Bensínstöðvar með veitingasölu	3	139.000
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	29.000
60.21.0.1	Bið- og endastöðvar strætisvagna	0,25	4.000
50.20.0.4	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	16.000
50.20.0.5	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	18.000
50.20.0.6	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	0,5	20.000
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	12.000
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5	14.000
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	18.000
50.20.0.8	Bifreiðaréttingar	0,5	12.000
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	18.000
50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5	18.000
50.30.0.2	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5	29.000
50.30.0.3	Bílapartasölur	1	29.000
15.96.0.0	Bjórgerð	1	51.000
28.52.0.1	Blikksmíði	0,5	12.000
50.20.0.10	Bón- og bílapvottur, handvirkur	0,5	12.000
50.20.0.9	Bón- og bílapvottur, sjálfvirkur	0,5	18.000
55.30.1.8	Brauðstofur	1	56.000
15.81.0.1	Brauðverksmiðjur	2	104.000
37.20.0.2	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,5	10.000
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar	0,5	18.000
52.46.1.1	Byggingavöruverslanir, stórar	1	59.000
55.23.0.2	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5	10.000
55.23.0.1	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	0,5	16.000
85.32.1.1	Dagmómmur með > 6 börn	0,5	10.000
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	5.000
15.12.1.0	Dreifingarstöð fyrir alifugla	0,5	18.000
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis	0,5	12.000
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	40.000
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	56.000

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald kr.
85.31.3.1	Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	1	33.000
85.31.3.0	Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	0,5	12.000
85.20.0.1	Dýralæknastofur án röntgen	0,25	5.000
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	0,5	12.000
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	16.000
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	10.000
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	12.000
85.11.3.4	Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt	4	145.000
55.21.0.1	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	0,25	6.000
55.21.0.2	Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	0,25	6.000
85.32.6.2	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	1	40.000
85.32.6.1	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	1	29.000
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,25	6.000
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	33.000
52.23.0.5	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1	45.000
52.23.0.6	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	1	49.000
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1	41.000
52.23.0.2	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	45.000
52.23.0.3	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	2	81.000
63.23.0.2	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,5	12.000
63.23.0.1	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	16.000
85.14.9.1	Fótaaðgerðastofur	0,5	12.000
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	12.000
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti	1	32.000
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	21.000
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	51.000
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið	1	44.000
15.98.0.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	1	59.000
15.98.0.3	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	1	71.000
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mótuneytis	0,5	16.000
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	2	73.000
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	2	49.000
80.22.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mótuneytis	0,5	16.000
80.22.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	2	73.000
80.22.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	2	49.000
80.22.0.4	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	2	97.000
80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	0,5	16.000
80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	2	73.000
80.30.0.2	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	2	49.000
24.20.0.1	Garðaúðun	1	25.000
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,25	6.000
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	15.000
55.12.0.1	Gististaður án veitingasölu, lítill (heimagisting)	0,25	6.000
55.12.0.2	Gististaður án veitingasölu, miðlungs	0,5	14.000
55.12.0.3	Gististaður án veitingasölu, stór	0,5	18.000
55.11.0.1	Gististaður með veitingasölu, lítill	1	40.000
55.11.0.2	Gististaður með veitingasölu, miðlungs	1	52.000

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald kr.
55.11.0.3	Gististaður með veitingasölu, stór	2	104.000
80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis	1	40.000
80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	2	80.000
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	2	65.000
80.10.0.4	Grunnskóli rekinn í tveimur aðskildum byggingum með fullbúnu eldhúsi	3	116.000
52.49.1.0	Gæludýraverslun	0,25	5.000
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	0,5	12.000
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	14.000
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	12.000
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	0,5	37.000
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	1	29.000
51.31.0.2	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	1	36.000
51.31.0.3	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	1	56.000
51.55.0.1	Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	0,5	37.000
51.45.0.0	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	0,5	37.000
51.45.0.1	Heildverslun með snyrtivöru	0,5	33.000
51.36.0.0	Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	0,5	20.000
51.39.0.1	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	0,5	12.000
51.39.0.2	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	1	36.000
51.39.0.3	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	1	52.000
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,5	14.000
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglunga	0,5	10.000
85.31.4.2	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	1	21.000
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	1	25.000
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, sambyli með heimiliseldhúsi	0,5	12.000
92.62.0.1	Hestahald	0,25	6.000
92.72.0.1	Hestaleiga án matsölu	0,5	12.000
92.72.0.2	Hestaleiga með matsölu	1	25.000
01.42.0.1	Hundahótel	0,5	10.000
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	32.000
85.14.9.5	Húðgötun	1	32.000
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	12.000
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	16.000
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	40.000
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	5.000
37.20.0.4	Jarðboranir	1	21.000
52.46.1.3	Járnvöruverslanir	0,5	26.000
55.40.0.2	Kaffihús, lítið, aðkeyptar kökur	0,5	12.000
55.40.0.0	Kaffihús, smurt brauð	1	25.000
01.42.0.2	Kattahótel	0,5	10.000
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	5.000
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	5.000
15.13.0.7	Kjötpökkunarstöð	2	120.000
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	2	104.000
15.13.0.5	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	2	150.000
15.13.0.6	Kjötvinnsla með reykingu, stór	3	237.000
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	2	73.000

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald kr.
15.13.0.2	Kjötvinnsla, miðlungs	2	120.000
15.13.0.3	Kjötvinnsla, stór	3	191.000
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu	1	32.000
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	56.000
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	1	25.000
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	44.000
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	56.000
05.02.2.1	Kræklingaeldi	0,25	11.000
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	16.000
29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	0,5	22.000
15.82.0.2	Kökugerð, lítil	1	25.000
15.82.0.3	Kökugerð, miðlungs	1	37.000
15.82.0.4	Kökugerð, stór	1	44.000
05.02.2.0	Land- og kvíaeldi	2	95.000
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,5	10.000
92.31.0.3	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	1	40.000
92.31.0.2	Leikhús með móttökueldhúsi	0,5	16.000
85.32.2.2	Leikskólar með fullbúið eldhús	2	73.000
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	2	57.000
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1	55.000
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	10.000
93.04.0.4	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	33.000
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1	25.000
93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	2	58.000
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	29.000
93.04.0.6	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	3	102.000
01.25.2.0	Loðdýrabú	1	40.000
85.12.2.2	Læknahús með aðgerðarstofum	0,5	16.000
85.12.2.1	Læknastofur	0,5	12.000
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25	9.000
52.62.0.2	Markaðir, litlir	0,5	12.000
52.62.0.1	Markaðir, miðlungs	1	32.000
52.62.0.0	Markaðir, stórir	2	72.000
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	44.000
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	52.000
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	67.000
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	25.000
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	37.000
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	60.000
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	2	105.000
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	52.000
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	2	97.000
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	2	112.000
27.50.0.1	Málmsteypa < 20 tonn á dag	0,5	22.000
52.46.2.1	Málningavöruverslanir	0,5	22.000
20.20.0.2	Meindýravarnir	0,5	16.000
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	12.000

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald kr.
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	2	103.000
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	25.000
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	36.000
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	60.000
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	1	25.000
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	32.000
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	49.000
93.04.0.9	Nuddstofur	0,25	6.000
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	0,5	29.000
25.21.0.1	Plastiðnaður	1	40.000
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,5	14.000
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	18.000
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	51.000
50.20.0.11	Ryðvarnarverkstæði	1	25.000
01.12.1.0	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	12.000
85.14.3.1	Röntgenstofur	0,5	10.000
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítill	1	29.000
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	2	73.000
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	88.000
52.49.9.4	Sala eiturefna	1	51.000
15.33.0.2	Salatgerð	1	52.000
15.20.2.0	Saltfiskverkun	1	25.000
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	6.000
55.40.0.5	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	2	65.000
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi	0,5	16.000
05.02.1.3	Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	0,25	8.000
05.02.1.2	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	0,5	18.000
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	12.000
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	0,5	16.000
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	48.000
92.61.0.9	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	7.000
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	5.000
85.32.3.2	Skóladagheimili, fullbúið eldhús	1	29.000
85.32.3.2	Skóladagheimili, móttökueldhús	1	21.000
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar og/eða fráveita 2.000-10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	1	123.000
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,5	11.000
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir	1	49.000
55.30.1.5	Skyndibitastaðir, miðlungs	1	64.000
55.30.1.6	Skyndibitastaðir, stórir	1	87.000
52.24.0.1	Smásala á brauði, kókum og sætabrauði án vinnslu	1	23.000
52.24.0.2	Smásala á brauði, kókum og sætabrauði með vinnslu	1	44.000
52.24.0.3	Smásala á brauði, kókum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	48.000
52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B	1	59.000
52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum	0,5	28.000
50.20.0.12	Smurstöðvar	1	25.000
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	14.000
52.33.0.1	Snyrtivörusvæðing	0,5	14.000

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Gjald kr.
90.00.0.8	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	6	217.000
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	32.000
93.04.0.7	Sólbaðstofur án heitra potta	1	25.000
93.04.0.8	Sólbaðstofur með heitum pottum	2	58.000
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	10.000
35.11.0.1	Stálsmiði og stálskipagerð	0,5	16.000
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofanburði og fyllingarefnum	1	59.000
85.31.5.2	Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	1	33.000
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	2	105.000
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	3	154.000
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	52.000
85.31.1.2	Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	1	40.000
92.61.0.7	Sundstaðir og íþróttamannvirki sambygð	4	161.000
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	2	49.000
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	3	90.000
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	4	115.000
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	56.000
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	1	25.000
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	1	25.000
52.11.3.3	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	1	45.000
52.11.3.4	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	1	49.000
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	14.000
85.13.2.0	Tannsmíðar	0,5	9.000
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	21.000
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	0,5	12.000
55.22.0.2	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5	16.000
55.22.0.1	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	1	32.000
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	6.000
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,25	6.000
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,25	7.000
17.10.0.1	Ullarþvottastöðvar	1	103.000
41.00.0.6	Vatnsveitur < 151 íbúa eða matvælaframleiðsla	1	29.000
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa	3	129.000
41.00.0.6	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	29.000
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000-10.000 íbúa	4	210.000
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	53.000
41.00.0.7	Vatnsveitur, einka	0,5	19.000
17.10.0.2	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1	36.000
29.11.0.0	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	10.000
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	9.000
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	1	29.000
15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	29.000
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	59.000
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	1	23.000